

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 3. febrúar 2017

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Bjargey G. Gísladóttir, Þórleifur Friðriksson og Þóra Elfa Björnsson. Heimir Br. Jóhannesson og Baldvin Heimisson fjarverandi. Fundurinn var haldinn í Guðjónó.

- 1) Formaður sagði frá *Degi prentiðnaðarins* sem var haldinn 27. jan. og lagði fram kynningarpésa sem hann hafði gert af því tilefni og lá frammi á sýningunni. Hann minnti á að *aðalfundur* væri framundan og var 25. mars ákveðinn, fundurinn yrði líklega haldinn í húsnæði Grafíu. Haukur athugar með húsnæðið. Þá var minnt á að boða þarf fundinn með tveggja vikna fyrirvara eða fyrir 11. mars. Auglýsa þarf eftir lagabreytingum, skil á þeim fyrir 4. mars. Gott væri ef Simon Knight gæti tekið sæti í nefndinni. Gaman væri að hafa erindi, athuga með slíkt.
- 2) Svanur lagði fram *yfirlit reikninga* í ljósriti en þeir eru að fara til skoðunarmanna félagsins.
- 3) Víða eru gamlir munir geymdir fyrir PSS en Haukur mun fá viðtal við ráðamenn Reykjavíkurborgar um *fram tíðarhúsnæði*. Einnig þarf að huga að vélum og fleira sem eru í geymslum Þjóðminjasafnsins.
- 4) *Skráning*. Form fyrir skráningu hefur verið hannað en ganga þarf í að skrá muni og sögu þeirra. Mun formið verða aðgengilegt á vefsíðu PSS á næstunni. Nokkrar umræður um skráningu og liði innan hennar.
- 5) Fjáröflun meðal fyrirtækja. Hugmynd er í gangi að fá fjárstuðning frá prent- og útgáfufyrirtækjum. T.d. senda bréf og síðan seðil með rukkun. Senda þeim fréttabréf félagsins. Nokkur umræða um þessi mál.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson